

## REGLUGERÐ

## um greiðslu Suðurlandsskóga af kostnaði við skógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum.

1. gr.

## Fjölnytjaskógrækt.

Hlutfallsleg greiðsla Suðurlandsskóga af samþykktum kostnaði við fjölnytjaskógrækt á lögbýlum er 97 af hundraði.

2. gr.

## Skjólbeltarækt.

Suðurlandsskógar greiða að fullu samþykktan kostnað vegna skjólbeltaræktunar af eftirtöldum þáttum:

- Kaup á plöntum og stiklingum.
  - Kaup á plastdúkum og vélarvinna við lagningu þeirra.
  - Umsjón og verkstjórn við framkvæmd.
  - Illgresiseyðing með lyfjum í allt að 5 ár frá því að gróðursetningu lýkur.
- Annar kostnaður af skjólbeltaræktun greiðist að fullu af forsvarsmanni lögbýlis.

3. gr.

## Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. gr. laga nr. 97/1997 um Suðurlandsskóga, öðlast gildi við birtingu, sbr. 7. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. júlí 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Hjördís Halldórsdóttir.

## Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.